

# Gátlisti: Heilsufar barna á leískólaaldri

Barn á ekki að koma í leískólann ef:

- Barnið er með hita.
- Barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar: slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang.
- Barnið er í sóttkví, einangrun eða beðið er niðurstöðu sýnatöku.

Veikindi leískólabarna:

- Barn skal sótt í leískólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær hita yfir 38°C og flensulík einkenni.
- Leískólabörn skulu að jafnaði vera hress og hitalaus í að minnsta kosti sólarhring, áður en þau koma aftur í leískólann.

Um sóttkví leískólabarna:

Börn fara í sóttkví samkvæmt leiðbeiningum heilbrigðisstarfsfólks eða smitrakningarteymis ef þau hafa verið í tengslum við aðra, óháð aldri þeirra, sem greindir hafa verið með smit eða grun um smit. Börn sem ekki hafa þroska eða getu til að virða þær ráðstafanir sem eru forsenda þess að hluti heimilisfólks geti verið í sóttkví, þarf allt heimilið, þ.m.t barnið, að fara í sóttkví eða þeir sem ekki eru í sóttkví að fara annað um leið og sóttkví kemur til.

Lengd sóttkvíar er ákvörðuð af smitrakningateymi eða heilbrigðisstarfsfólki.

Leitið ráðgjafar hjá heilsugæslu:

- Ef vafi leikur á því hvort barnið ætti að fara í leískólann.
- Til að fá nánari upplýsingar um einkenni, eða lengd sóttkvíar.

Heilsugæsla: \_\_\_\_\_ Sími / Netfang: \_\_\_\_\_

## Ferill: Smit eða grunur um COVID-19 smit í leískólastarfi

Tilkynnt er um smit

- o af foreldri / forráðamanni eða starfsmanni.
- o af smitrakningateymi almannavarna.
- o mögulegt smit uppgötvast í skólastarfi.

1. Forráðamaður upplýstur og nemandi/starfsmaður beðinn um að fara heim ef við á.
2. Skólastjóri upplýstur um stöðuna.
3. Skólastjóri leitar ráða í síma 1700 eða hjá heilsugæslu hverfisins.
4. Unnið er skv. ráðleggingum heilbrigðisyfirvalda.
5. Skólastjóri metur í samræmi við ráðleggingar heilbrigðisyfirvalda hvernig upplýsingamiðlun skal hártað vegna viðkomandi tilfellis.